

**Samþykktir  
fyrir hlutafélagið  
Stefnir hf.**

**I. kafli**

**Heiti félagsins, heimilisfang og tilgangur**

**1. gr.**

- 1.1 Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Stefnir hf. Erlent hjáheiti félagsins er Stefnir Asset Management Company hf.

**2. gr.**

- 2.1 Heimilisfang félagsins og varnarþing er að Borgartúni 19 í Reykjavík.

**3. gr.**

- 3.1 Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Tilgangur félagsins er jafnframt eignastýring, fjárfestingarráðgjöf, auk hvernar annarrar starfsemi sem tilgreind er í starfsleyfi og starfsheimildum félagsins. Sem og öll sú starfsemi sem stendur í eðlilegum tengslum við slíka starfsemi, t.d. rekstur og fjárfestingar sem nauðsynlegur er fyrir tilgang félagsins og heimill er innan ramma laga

**II. kafli**

**Hlutafé félagsins**

**4. gr.**

- 4.1 Hlutafé félagsins er krónur 43.500.000 –krónur fjörtíuogþrjámilljónirogfimmhundruðþúsund <sup>00/100</sup>– og skiptist það í jafnmarga hluti. Hver hlutur er að fjárhæð krónur 1, –krónur ein– að nafnverði. Heimilt er að gefa út eitt hlutabréf til hvers hluthafa.

- 4.2 Hluthafafundur getur einn tekið ákvörðun um hækkun eða lækkun hlutafjár.

**5. gr.**

- 5.1 Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

**6. gr.**

- 6.1 Engar hömlur ríkja að því er varðar sölu eða annað framsal hluta í félaginu.
- 6.2 Hluthafar eiga þó forgangsrétt að nýjum hlutum í félaginu í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Félaginu er óheimilt að kaupa eigin hluti nema að því marki sem lög leyfa. Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.
- 6.3 Eigendaskipti að hlutabréfi, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.
- 6.4 Sá sem eignast hlutabréf í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á



- eign sína á hlutum. Þó öðlast menn eigi atkvæðisrétt fyrr en að liðnum 14 dögum frá því að nafn þeirra var skráð í hlutaskrána.
- 6.5 Framsöl hluta skulu ávallt rituð á hlutabréfin.
  - 6.6 Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Skal arð á hverjum tíma svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Félagið ber enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna því eigenda- eða aðsetursskipti.
  - 6.7 Heimilt er að ógilda glötuð hlutabréf án dóms samkvæmt 8. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995.
  - 6.8 Efnisatriði þessarar greinar skal prenta á hvert hlutabréf.

### III. kafli

#### Um starfsemi og stjórn félagsins

##### Hluthafafundir

###### 7. gr.

- 7.1 Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Hver hlutur veitir atkvæðisrétt.
- 7.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi, stjórnarmenn og forstjóri félagsins. Hafa þeir þar fullt málfrelsi. Skal nefndarmönnum undirnefnda stjórnar jafnframt heimilt að sitja hluthafafundi. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.
- 7.3 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hönd hluthafa skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt, dagsett umboð. Umboð skal leggja fram eigi síðar en á fundi og gildir það einungis til fundarsetu á viðkomandi hluthafafundi, nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins. Umboð má hvenær sem er afturkalla.
- 7.4 Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum.
- 7.5 Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.
- 7.6 Til aðalfundar skal boða með bréfi eða á annan sannanlegan hátt til hluthafa með skemmst tveggja vikna fyrirvara, en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Til annarra hluthafafunda skal boðað með minnst viku fyrirvara. Þó má halda aðalfund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykkja það fyrir fram skriflega.
- 7.7 Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund, tveimur vikum fyrir aðalfund, nema boðunarfrestur sé skemmri, skulu dagskrá og endanlegar tillögur liggja fyrir hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar. Þegar um aðalfund er að ræða skulu ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda lögð fram með sama fyrirvara og hætti.
- 7.8 Hluthafafundur telst lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega hefur verið til hans boðað og fundurinn er sóttur af einum eða fleiri hluthöfum.
- 7.9 Félagisstjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarsins að mati stjórnar örugg og fullnægir kröfum hlutafélagalaga. Ákvörðun um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Í fundarboði til hluthafafundar skulu koma

fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundi.

- 7.10 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum em snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum og stjórnar umræðum og meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslum. Rita skal fundarsamþykktir, ákvarðanir og ákvarðanir í fundargerðarbók.

#### 8. gr.

- 8.1 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en tíu sólarhringum fyrir upphaf fundar.

#### 9. gr.

- 9.1 Á hluthafafundum fylgir 1 atkvæði hverri krónu í hlutafé.

#### 10. gr.

- 10.1 Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál löglega upp borin.

#### Félagsstjórn

#### 11. gr.

- 11.1 Stjórn félagsins skipa þrír einstaklingar. Stjórnin skal kosin á aðalfundi ár hvert. Kynjahlutföll í stjórn skulu vera sem jöfnust. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins
- 11.2 Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

#### 12. gr.

- 12.1 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim.
- 12.2 Fundi skal halda ef einhver stjórnarmanna, endurskoðandi eða framkvæmdastjóri krefst þess. Heimilt er stjórnarmönnum að taka þátt í fundi með aðstoð rafrænna miðla.
- 12.3 Fundir stjórnar eru lögmætir ef til þeirra er boðað í samræmi við samþykktir og að minnsta kosti meirihluti stjórnarmanna sækja fund eða taka þátt í fundinum með aðstoð rafrænna miðla. Til gildir samþykktar fundarins þurfa að minnsta kosti



meirihluti stjórnarmanna að greiða atkvæði með tillögu. Falli atkvæði um tillögu sem til afgreiðslu er jöfn, ræður atkvæði formanns stjórnar úrslitum. Í fjarveru formanns ræður atkvæði varaformanns úrslitum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

12.4 Það sem gerist á stjórnarfundum skal bókað í sérstaka fundargerðarbók.

### 13. gr.

13.1 Stjórn félagsins fer með málefni félagsins, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

13.2 Verkefni hennar eru meðal annars:

1. Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins, m.a. að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.
2. Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
3. Að ráða framkvæmdastjóra, gera við hann skriflegan ráðningarsamning og ákveða ráðningarkjör hans.
4. Að eiga aðild að samningum um launakjör starfsmanna og réttarstöðu þeirra gagnvart félaginu.
5. Að taka stefnumarkandi og meiriháttar ákvarðanir er varða hag, fjárfestingar og starfsemi félagsins.
6. Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi.
7. Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ. á m. að halda hlutaskrá um hluthafa.
8. Að setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnar.
9. Að veita prókúruumboð.

### 14. gr.

14.1 Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það og er undirskrift meirihluta stjórnarmanna nægileg, nema lög krefjist annars.

### Framkvæmdastjóri

### 15. gr.

- 15.2 Framkvæmdastjóri skal vera búsettur hér á landi. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að lögum.
- 15.3 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu eða fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið.
- 15.4 Framkvæmdastjóra ber að sjá um að reksturinn sé samkvæmt lögum, samþykktum þessum og ákvörðunum stjórnar.
- 15.5 Framkvæmdastjóri félagsins skal sjá um að bókhald og fjárreiður félagsins séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

## IV. kafli

## Ársreikningar og endurskoðun

### 16. gr.

- 16.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af lög-giltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi skal kjörinn á aðal-fundi félagsins. Um kjörtímabil endurskoðanda fer að lögum.

### 17. gr.

- 17.1 Samþykktum þessum má breyta á lögmatum aðalfundi eða aukafundi með  $\frac{2}{3}$  hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k.  $\frac{2}{3}$  hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

### 18. gr.

- 18.1 Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild.

## V. kafli


### Önnur ákvæði

### 19. gr.

- 19.1 Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, , laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 115/2021 um markaði með fjármálagerninga og laga nr. 3/2006 um ársreikninga, auk annarra laga eftir því sem við á.

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi félagsins 26. september 1996, með áorðnum breytingum á aðalfundi 22. apríl 1998, 27. júní 2003, 1. október 2003, 8. apríl 2004, á hluthafafundi 10. desember 2007, á aðalfundi 9. júní 2009. á hluthafafundi 24. nóvember 2009, á aðalfundi 16. apríl 2010, á aðalfundi 21. mars 2011, á aðalfundi 20. mars 2012, á aðalfundi 20. mars 2013, á aðalfundi 17. mars 2015, á aðalfundi 10. mars 2016, á aðalfundi 27. mars 2020, á aðalfundi 18. mars 2021 og 17. mars 2022.

Reykjavík, 17. mars 2022



F.h. Stefnis hf.

Jóhann Möller, framkvæmdastjóri